

83 sem viðhafðar verði náttúrulegar lækninga- og heilsuverndaraðferðir (ljós, loft, 7. júní vatn, mataræði, hreyfing, hvíld).

9. gr.

Stjórn sjóðsins aflar sjóðnum tekna samkvæmt 3. gr. Hún annast allar fjárreiður sjóðsins, kemur fé hans á vöxtu samkvæmt 4. gr. og leggur reikninga hans endurskoðaða fyrir aðalfund félagsins til samþykktar árlega. Loks aðstoðar stjórn sjóðsins félagsstjórnina við val á stað fyrir hælið og við annan undirbúning að stofnun hælís eða heimilis samkvæmt 8. gr.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Greiða skal úr sjóðnum öll nauðsynleg útgjöld við starf sjóðstjórnarinnar og undirbúning að stofnun hælís. Þegar valinn hefur verið staður fyrir stofnun hælís og hann hlotið samþykki lögmæltis félagsfundar, er sjóðstjórn og félagsstjórn í sam-einingu heimilt að verja fé úr sjóðnum til nauðsynlegra framkvæmda á staðnum.

12. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á lögmætum aðalfundi NLFÍ, og þarf til breytinganna samþykki $\frac{2}{3}$ hluta mætttra félagsmanna.

13. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi fallin skipulagsskrá fyrir heilsuhællissjóð Náttúrulækningafélags Íslands, dags. 22. maí 1944.

14. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

84 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns Tryggva 10. júní Jóhannssonar verkfræðings“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1948.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristjáns Tryggva Jóhannssonar verkfræðings.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Tryggva Jóhannssonar verkfræðings, er fórst ásamt konu og tveim börnum í flugslysi 29. maí 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 11000 — ellefu þúsund — krónur, er bekkjarsystkini úr Menntaskóla Reykjavíkur, ættingjar og vinir gáfu til minningar um hinn látna, konu hans og börn. Sjóðurinn skal afhentur Menntaskólanum til eignar og skal stjórn hans skipuð samkvæmt ákvæðum í 8. gr.

3. gr.

84

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri tryggri peningastofnun. 10. júní

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheimum þeirra manna, sem vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans. Hann gefur út minningarspjöld, og geta þeir, sem óska að minnast látinna vina og vandamanna, fengið slík spjöld keypt og greiði fyrir það gjald, er þeim sjálfum lýzt.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, né það sem við hann er lagt, hvort sem það stafar af viðlögðum vöxtum, áheimum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Þegar sjóðurinn er orðinn 30000 — þrjátíu þúsund — krónur, en ekki fyrr, má verja allt að 10% ársvaxtanna samkvæmt ákvæðum 6. gr.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja efnilega námsmenn, er lokið hafa stúdentsprófi í Menntaskóla Reykjavíkur til náms við háskóla í Noregi. Að öðru jöfnu skulu þeir ganga fyrir er stunda verkfræðinám. Þar til höfuðstóll sjóðsins hefur náð kr. 60000.00, skal þó aðeins einum námsmanni úthlutað styrk árlega.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum styrkur skuli veittur ár hvert, með þeim takmörkunum, sem settar eru í 6. gr. Enginn skal njóta styrks úr sjóðnum lengur en sex ár. Þó skal heimilt að veita styrkinn lengur, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi stjórnarinnar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum:

1. Rektor og yfirkennarar Menntaskólans í Reykjavík tilnefna 1 mann.
2. Bekkjarsystkini hins látna 1 mann, meðan þeirra nýtur við, en að þeim frágengnum tilnefnir Nemendasamband Menntaskólans 1 mann í þeirra stað.
3. Nánustu ættingjar Tryggva Jóhannssonar, meðan þeir óska þess, en síðan stjórn Verkfræðingafélags Íslands.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og vinnur kauplaust. Hún heldur gerðabók, sem í eru ritaðar allar framkvæmdir stjórnarinnar, svo sem úthlutun styrks, fundargerðir og annað, sem snertir starfsemi sjóðsins. Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í skýrslu Menntaskólans.

9. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórn hans fyrir 1. sept. ár hvert. Styrkurinn skal veittur 11. okt. árlega, þegar skilyrði 5. gr. er fullnægt.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari, og birtist hún í B-deild Stjórnartíðinda.